

**26. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 9. júní 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Steinunn Leósdóttir, Sigurður R. Kristinsson, Nanna Höskuldsdóttir, Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson sem stýrði fundi og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Indriði bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 26.05.2011**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar dags. 30.05.2011**

Liður tvö : *Lagt fram til skoðunar.*

Liður þrjú: *Sveitarfélagið sér sér ekki fært að styrkja skátafélagið að svo stöddu.*

Liður fjögur: *Sveitarstjóra falið að fá aðsóknartölur um nýtingu sundlaugar, á hvaða tíma opnun henti best og er hægstæðust rekstralega séð.*

Liður fimm : *Tekið skal fram að á þessum tímamarki var búið að ráða flokksstjóra .*

Liður sex: *Verið er að skoða hvort hægt verði að hafa vinnu fyrir yngri árganga í unglingsvinnu í sumar.*

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð fræðslunefndar 23.05.2011**

Liður fjögur skoðaður með endurskoðaðri fjárhagsáætlun og nánari útskýringum.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**4. Fundargerð fræðslunefndar 30.05.2011**

Afgreiðsla fundargerðarinnar hafnað þar sem einungis tveir kjörnir nefndarmenn sátu fundinn.

**5. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27.05.2011**

Lögð fram til kynningar.

**6. Fundargerð Menningarráðs Eyþings dags. 31.05.2011**

Lögð fram til kynningar.

**7. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri fór yfir fundi sem hann átti á Bakkafirði með Umhverfisstofnun um urðunarstaði á Þórshöfn og Bakkafirði.
- Sveitarstjóri lagði fram drög að starfslýsingu fyrir skrifstofustjóra.
- Sveitarstjóra falið að halda fund með foreldrafélaginu á Barnabóli, leikskólastjóra og starfsmönnum vegna aðstöðu í leikskólanum. Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóri fór yfir símafund sem haldinn var 7. júní sl. þar sem sveitarstjórnarmenn samþykktu eftirfarandi ályktun:

**Ályktun frá sveitarstjórn Langanesbyggðar:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna frumvarpa sem sjávarútvegsráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi um breytingar á stjórn fiskveiða. Er einsýnt að verði frumvörpin samþykkt í óbreyttri mynd munu þau geta haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuþróun í Langanesbyggð.

Undanfarin ár hefur atvinnulíf í Langanesbyggð staðið í miklum blóma. Ísfélag Vestmannaeyja hefur fjárfest verulega í uppbyggingu fiskvinnslu á Þórshöfn og störfum hefur fjölgað jafnt og þétt, bæði við fiskvinnslu sem og afleiddum störfum. Þá er rekin á Þórshöfn öflug útgerð, sem gerir út bátinn Geir ÞH, sem sér fjölmörgum fjölskyldum í sveitarfélaginu farborða en útgerðin hefur á undanförunum árum fjárfest mjög í aflaheimildum til að styrkja rekstrargrundvöll sinn. Jafnframt eru í sveitarfélaginu fjölmargar útgerðir smærri báta sem veita eigendum sínum og öðrum trygga atvinnu. Næg og stöðug atvinna hefur styrkt innviði alls samfélagsins; íbúum hefur fjölgað, þjónustustig hefur hækkað og nýverið var ákveðið að ráðast í nýbyggingar íbúða til að bregðast við fyrirsjáanlegum húsnæðisskortri á Þórshöfn. Ljóst er að fyrirliggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða munu draga verulega úr þeim aflaheimildum sem Ísfélag Vestmannaeyja hefur til ráðstöfunnar. Að sama skapi myndu umrædd frumvörp höggva umtalsvert í aflaheimildastöðu Geirs ÞH. Að samanlögðu myndu frumvörpin því skapa verulega óvissu um framtíð fiskvinnslu og útgerðar í Langanesbyggð. Frumvörpin eru að mati sveitarstjórnar illa ígrunduð, enda vega þau að atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og skapa verulega óvissu um afkomu sjávarbyggða á borð við Þórshöfn. Því skorar sveitarstjórn Langanesbyggðar á sjávarútvegsráðherra að draga frumvörpin til baka nú þegar.

Samþykkt samhljóða.

#### **8. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 27.05.2011**

Í bréfi skipulagsstofnunar er niðurstaða gagnvart aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 lögð fram og þar segir:

“ Skipulagsstofnun mun ekki geta mælt með staðfestingu aðalskipulagsins við umhverfisráðherra hvað varðar breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum fyrr en viðkomandi svæði hafa verið leyst úr landbúnaðarnotkun, sbr. 7. gr. jarðarlaga. Vegna óvissu um hvenær áform um uppbyggingu í Finnafirði verða að veruleika er að mati Skipulagsstofnunar ekki tímabært að staðfesta í aðalskipulagi ákvarðarnir sem kunna þegar við gildistöku aðalskipulagsins að hafa veruleg takmarkandi áhrif á hagsmuni íbúa sveitarfélagsins og mögulegar framkvæmdir í tengslum við núverandi starfssemi. Því leggur Skipulagsstofnun til að fallið verði frá áformum um stórfelldar breytingar frá gildandi skipulagsáætlunum en þess í stað tekin þau skref sem eru raunhæf þar til kemur að endurskoðun aðalskipulagsins og raunhæfari forsendur liggja fyrir.,

*Í framhaldi af þessu hefur sveitarstjóri óskað eftir fundi með skipulagsstofnun og verður sá fundur trúlega í 25. viku ársins með sveitarstjórn og skipulagsráðgjafa Langanesbyggðar.*

Samþykkt samhljóða.

#### **9. Bréf frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála dags. 26.05.2011**

Með bréfinu er meðfylgjandi kærubréf dags. 15. maí 2011 þar sem kærð er ákvörðun um deiliskipulag íbúðareits við Miðholt á Þórshöfn.

*Lagt fram til kynningar : Sveitarstjóri fór yfir að hann væri að vinna að svarbréfi til Úrskurðarnefndar og tók jafnframt fram að deiliskipulagið hafi tekið gildi þegar það var auglýst í B-stjórnartíðindum 8. apríl sl.*

Samþykkt samhljóða.

#### **10. Tvö bréf frá Guðmundi Vilhjálmssyni dags. 03.06.2011**

Í fyrra erindinu er fyrirspurn og athugasemdir landeiganda vegna fyrirhugaðrar neysluvatnslagna frá Þórshöfn til Þórshafnarflugvallar um landareign Syðra-lóns. Sveitarstjóri fór yfir að Isavia hafi seinni part hausts 2010 óskað eftir því að komið yrði fyrir brunahana við flugstöðina vegna öryggiskrafna. Sveitarstjórn tók vel í þessa beiðni. Það er auðvitað ósk allra að hægt verði að vinna í vatnslögninni í sátt og samlyndi við landeigendur.

Samþykkt samhljóða.

Í seinna erindinu er fyrirspurn vegna vinnubragða sveitarstjóra vegna bréf dags. 30. mars og ósk um skipan sáttanefndar.

Eftirfarandi bókun lögð fram:

*Það skal tekið fram að það hefur ekki verið tilgangur sveitarstjórnarmanna að ganga á rétt jarðeigenda eða annarra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu og harmar sveitarstjórn að ekki hafi tekist betur tekist til en svo að aðalskipulagið var ekki staðfest. Það er stefnt að fundi með fulltrúum skipulagsstofnunar og í framhaldi af því verða gerðar lagfæringar á aðalskipulaginu, sem vonandi bæta það sem úrskaiðis fór. Í ljósi ofangreinds telur sveitarstjórn sáttanefnd óþarfa.*

Samþykkt samhljóða.

#### **11. Bréf frá Landgræðslu ríkisins dags. 05.05.2011**

Í bréfinu er óskað eftir styrk að upphæð 40.000 vegna ársins 2010 Sveitarstjórn þakkar vegleg framlög sem Landgræðsla ríkisins hefur fært Langanesbyggð sl. ár til verkefnisins.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 40.000.-

#### **12. Bréf Stefáns R. Sigurbjörnssonar dags. 10.12.2010**

Í bréfinu er óskað eftir samþykki sveitarfélagsins á sölu hluta jarðarinnar Helluland en salan fór fram 15. júlí 2006

Sveitarstjóri fór yfir að á fundi sveitarstjórnar hafi verið beðið með að samþykkja söluna á fundi sveitarstjórnar 17. feb.sl. þar sem vantaði gögn frá Vegagerðinni en nú er það komið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir samhljóða hluta á sölu jarðarinnar Helluland eins og fram kemur í afsali dags 15. júlí 2006

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:40